Kópavo

Kópavogi, 10. febrúar 2022
2202267/999.00 RH

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Efni: **Opnunartími frístunda í grunnskólum**

Lagt er til að opnunartími frístunda í Kópavogi sé styttur sem nemur 30 mínútum á dag frá klukkan 17:00 til klukkan 16:30 frá með hausti 2022.

Tillagan er byggð á eftirfarandi atriðum:

- Leikskólar Kópavogs eru opnir til klukkan 16:30 og þannig væri opnunartími frístunda samræmdur við leikskóla bæjarins.
- Skráning á vistunartíma til klukkan 17:00 er lítil, aðeins um 0% - 7,2%. Nýting þess tíma er enn minni (sjá töflu hér að neðan).
- Manna þarf frístundina þannig að 2 frístundaleiðbeinendur séu til taks meðan börn eru á staðnum.
- Oft reynist erfitt að manna tímann frá 16:30 – 17:00.
- Stuðlar að stytting vinnuvikunnar hjá börnum, það er langur dagur hjá litlum börnum að vera í skóla og frístund í 9 klukkustundir á dag.
- Þegar sumarfrístund er starfrækt í ágúst hefur vistunartími verið í boði kl. 8:00 – 16:00 og litlar athugasemdir hafa borist frá foreldrum. Að sama skapi er jólaopnun og páskaopnun einnig frá 8:00 – 16:00 og ekki hafa verið gerðar athugasemdir við það.

Taflan hér fyrir neðan sýnir fjölda barna sem skráð til 17:00 í hverri frístund – annars vegar stöðuna í nóvember 2021 og hins vegar í janúar 2022. Jafnframt sýnir taflan nýtingu þeirra skráninga.

Frístund 8. – 12. nóv. 2021				**Frístund 31 jan.- 4. feb. 2022**			
Frístund skóli	**Heildar fjöldi barna**	**Meðaltal barna skráð til 17:00 á dag**	**Fjöldi sem nýtir vistun yfir vikuna**	**Frístund – skóli**	**Heildar fjöldi barna**	**Meðaltal barna skráð til 17:00 á dag**	**Fjöldi sem nýtir vistun yfir vikuna**
Álfhóll Álfhólsskóla	135	7	4 börn, **0,8** að jafnaði á dag	**Álfhóll** – Álfhólsskóla	121	6-7	2 börn, **0,4** að jafnaði á dag

Hörðuheimar Hörðuvallaskóla	207	13	8 börn – **1,6** að jafnaði á dag	**Hörðuheimar** Hörðuvallaskóla	197	11	11 börn, **2,2** að jafnaði á dag
Vinahóll Kársnesskóla	184	10	9 börn, **1,8** að jafnaði á dag	**Vinahóll** Kársnesskóla	176	8	13 börn, **2,6** að jafnaði á dag
Stjarnan Kópavogsskóla	130	6	8 börn, **1,6** að jafnaði á dag	**Stjarnan** Kópavogsskóla	129	7	11 börn, **2,2** að jafnaði á dag
Demantabær Lindaskóla	120	4	3 börn, **0,6** að jafnaði á dag	**Demantabær** Lindaskóla	116	4	**0** börn nýttu plássið þessa viku
Dægradvöl Salaskóla	154	2	2 börn, **0,4** að jafnaði á dag	**Dægradvöl** Salaskóla	151	4	7 börn, **1,4** að jafnaði á dag
Drekaheimar Smáraskóla	128	2,5	2 börn, **0,4** að jafnaði á dag	**Drekaheimar** Smáraskóla	116	2	**0** börn nýttu plássið þessa viku
Krakkaland Snælandsskóla	148	3	2 börn, **0,4** að jafnaði á dag	**Krakkaland** Snælandsskóla	145	0	**0**
Stjörnuheimar Vatnsendaskóla	122	6	11 börn, **2,2** að jafnaði á dag	**Stjörnuheimar** Vatnsendaskóla	115	6	6 börn, **1,2** að jafnaði á dag

Virðingarfyllst,

_____

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026